



Morgunblaðið/RAX

Ævintýri „Ég tengi þessa sýningu svolítið við gamla góða ævintýrið,“ segir Rúna sem verður níræð í næstu viku.

Tók ástfóstri við japanska pappírinn

● Sýning og málþing Rúnu til heiðurs í Gerðubergi í dag

Erla Rún Guðmundsdóttir
erlarun@mbl.is

„Þetta eru verk frá síðustu tveimur árum,“ segir myndlistarkonan Rúna, Sigrún Guðjónsdóttir, um efni sýningarinnar *Línudans* sem opnuð verður í Gerðubergi í dag kl. 16. Rúna fagnar níræðisafmæli á þriðjudaginn kemur og er því með elstu starfandi listamönnum landsins. Ferill hennar spannar um sjötíu ár af leirlist, myndskreytingum, myndlist og félagsstörfum í þágu listamanna. Í tilefni stórafmælisins efnir Menningarhúsið Gerðuberg til málþings um ævi og störf Rúnu í dag kl. 13, sem Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, setur.

Vildi ekki að verða olíumálari

„Þetta er allt málað á handgerðan japanskan pappír, ég hef tekið ástfóstri við hann,“ segir Rúna og tekur fram að hún hafi ákveðið að hún vildi ekki verða olíumálari. „Ég teiknaði mikið og ég vildi halda mig við pappírinn og pappírsvinnuna. Svo uppgötvaði ég þennan pappír sem er mjög inspirerandi. Fyrst teiknaði ég mikið og lét pappírinn vinna með en síðan fór ég að nota hann meira sem efnivið og mála bara alveg á hann. Hann gefur líka vissa tilfinningu.“

Spurð um vinnuvenjur segir Rúna að hún hafi alltaf þurft á þögn að halda og unnið best á morgnana. „Ég hef aldrei unnið á kvöldin, ekki ótilneydd. Ég hef alltaf verið morgunmanneskja og man eftir að hafa farið á fætur ansi snemma til að geta unnið áður en fólk var komið á fætur.“ Rúna segir helstu breytingu síðustu ára vera minnkað úthald.

„Minn hái aldur segir nú aðeins til sín og ég er ekki eins úthaldsgóð og ég var. Mér þykir óskaplega gott að vinna svona tvo til þrjú tíma í einu og þá geri ég það helst bara strax eftir morgunkaffið. Svo tek ég stundum törn seinni partinn þegar ég er vel upplögð.“

Innblasturinn ævintýri og ljóð

Flæðandi línuspil er eitt höfuðeinkenna í verkum Rúnu. „Ég er alltaf svolítið figúratíf. Það eru ákveðin minni sem koma, form sem hafa fylgt mér lengi. Hérna er það mikið form konunnar sem við vitum að eru falleg og mjúk.“ Hún sækir innblástur mest í ljóð og sögur og segist alla tíð hafa lesið mikið. „Fólk átti alltaf að vera að vinna hérna í gamla daga en það var líka litið á lestur sem vinnu á mínu heimili. Það var fullur skilningur á því að maður lægi í bókum.“ Vegna hvatningar frá af-

komendunum er Rúna sjálf byrjuð að skrifa og á sýningunni má einmitt finna ljóð eftir hana. Ljóðið er að sögn Rúnu lýsandi fyrir sýninguna en þar eru skírskotanir í önnur ljóð og ævintýri. „Þetta eru svona hugleiðingar. Ég tengi þessa sýningu svolítið við gamla góða ævintýrið.“

Sjálfsagt ekkert skammaður

Þæði sýningin og málþingið bera yfirskriftina *Línudans*. Á málþinginu verða störf Rúnu kynnt og rædd. „Það verða fjórir fyrirlestrar, svona af því að ég hef verið á ýmsum sviðum. Parna talar Kristín Ragna Gunnarsdóttir um myndskreytingar, Guðný Magnúsdóttir um leirlistina, Aðalsteinn Ingólfsson um málverkin og Valgerður Bergsdóttir um félagsmál.“ Rúnu finnst furðulegt en gaman að halda eigi málþing henni til heiðurs. „Mér finnst það bara mjög skemmtilegt. Maður er auðvitað hégómagjarn, erum við það ekki öll? Þetta er gott fólk sem ætlar að fjalla um þetta.“ Rúna segist hlakka til að hlusta en hún býst við því að umfjöllunin verði á jákvæðum nótum. „Maður er sjálfsagt ekkert skammaður undir svona kringumstæðum.“

Þess má að lokum geta að sýningin stendur til 5. febrúar.